AUGLÝSING

um samning um norrænt póstsamband.

Hinn 23. marz 1972 var gerður í Helsinki samningur um norrænt póstsamband. Samningurinn öðlaðist gildi 1. apríl 1972.
Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. september 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um Norrænt póstsamband.

Póststjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með heimild í stofnskrá Alþjóðapóstsambandsins gert með sér eftirfarandi samning:

I. SKIPULAGSÁKVÆÐI

1. gr.
Heiti sambandsins og tilgangur.

Póststjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar mynda Norræna póstsambandið og er tilgangur þess að bæta og auka póstviðskipti milli þessara fimm landa.

2. gr.
Framkvæmd alþjóðaákvæða.

Nú er ákvæði um tiltekið atriði ekki að finna í samningi þessum eða samkomulag um það hefur ekki verið gert með erindaskiptum — annaðhvort milli allra póststjórnanna eða sumra þeirra — og gilda þá ákvæðin í samningum Alþjóðapóstsambandsins.

3. gr.
Ráðstefnur.

Fulltrúar póststjórnanna skulu koma saman á ráðstefnu, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, til þess að endurskoða samninginn eða gera hann fyllri og til þess að fjalla um önnur póstmál, sem snerta löndin sameiginlega.

4. gr.
Skrifstofa.

Sú póststjórn, sem falið hefur verið að halda næstu reglulegu norrænu póstráðstefnu, hefur með höndum skrifstofustörf sambandsins fram að þeirri ráðstefnu.

5. gr.

Tungumál.

Allar bréfaskriftir milli póststjórnanna fara fram á dönsku, norsku eða sænsku.

6. gr.

Mynttegund.

Gjöld þau, sem tilgreind eru í frönkum og sentímum, eiga við gullfrankann, eins og hann er skilgreindur í stofnskrá Alþjóðapóstsambandsins. Gjöldin eru ákveðin í mynt hvers lands um sig eftir jafngildi því, sem gildir í landinu fyrir milliríkjaviðskiptin.

7. gr.

Breytingar á burðargjöldum.

1. Póststjórnirnar láta hver annarri í té vitneskju um þau innanlandsgjöld, sem samkvæmt samningi þessum gilda um sendingar til hinna Norðurlandanna.

2. Póststjórnirnar láta hver annarri einnig í té vitneskju um hin sérstöku gjöld, sem sett eru í Norðurlandaviðskiptum m. a. um endastöðvagjöld þau, meðalendastöðvagjöld og meðal-umflutningsgjöld þau, sem gilda í bögglaviðskiptum.

8. gr.

Framkvæmd ákvæða samningsins.

Póststjórnirnar geta í starfsreglugerð eða með erindaskiptum komið sér saman um viðeigandi framkvæmdaákvæði.

9. gr.

Norrænt pósttímarit.

1. Norræna póstsambandið gefur út tímarit, er nefnist „Nordisk Posttidskrift".

2. Tímaritið er málgagn póststjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Í því skulu einkum birtast fræðilegar greinar um póstmál eða pósttæknileg efni. Einstakir póststarfsmenn mega starfa við tímaritið.

3. Norræna pósttímaritið er prentað og gefið út í Svíþjóð og velur sænska póststjórnin ábyrgðarmann.

4. Póststjórn hvers aðildarlands um sig velur ritstjóra, sem annast hlutdeild póststjórnar sinnar í tímaritinu. Ritstjórinn er launaður af póststjórn sinni. Þóknun fyrir birtar greinar og myndir greiðist eftir sameiginlegum reglum í sænskri mynt og færist til sameiginlegra útgjalda fyrir tímaritið.

Sama gildir um útgjöld fyrir pappír, prentun, myndamót og slíkt.

5. Ábyrgðarmaðurinn og ritstjórar landanna mynda ritstjórnarnefnd, sem fylgist með útliti tímaritsins, innihaldi o. s. frv. Ritstjórnarnefndin kemur að jafnaði saman einu sinni á ári. Hver póststjórn um sig ber eigin útgjöld við fundi ritstjórnarnefndarinnar.

6. Hin sameiginlegu útgjöld við útgáfu Norræna pósttímaritsins bera póststjórnirnar í sömu hlutföllum og gilda um tillag þeirra vegna útgjalda Alþjóðapóstsambandsins.

7. Reikninga tímaritsins skal leggja endurskoðaða fyrir Norrænu póstráðstefnuna.

II. SAMEIGINLEGAR REGLUR UM PÓSTSENDINGAR

10. gr.
Gjöld.

Fyrir móttökukvittun og fyrirspurn skal greiða sama gjald og fyrir tilsvarandi þjónustu í innanlandsviðskiptum landsins, þar sem beðið er um móttökukvittunina eða fyrirspurnin er gerð.

11. gr.
Umflutningsgjöld fyrir bréfapóstsendingar, blöð og tímarit.

1. Fyrir bréfapóstsendingar, blöð og tímarit, sem send eru um eitt eða fleiri af aðildarlöndunum eða með sjópóstleiðum þessara landa, skal greiða umflutningsgjald, er sé jafnt helmingi þeirrar upphæðar, sem greiða bæri samkvæmt almennum alþjóðareglum.

2. Fyrir bréfapóstsendingar, blöð og tímarit, sem send eru á milli pósthúsa í einhverju aðildarlandanna og flutt eru um yfirráðasvæði eins eða fleiri af hinum löndunum eða með sjópóstleiðum þessara landa, skal ekki greiða neitt umflutningsgjald.

12. gr.
Eyðublöð.

Póststjórnirnar ákveða þau eyðublöð, sem nota skal í Norðurlandaviðskiptum.

13. gr.
Aðalreikningsskil.

Aðalreikningar milli:
— Danmerkur og Finnlands eru gerðir af dönsku póststjórninni
— Danmerkur og Íslands eru gerðir af dönsku póststjórninni
— Danmerkur og Svíþjóðar eru gerðir af sænsku póststjórninni
— Finnlands og Íslands eru gerðir af finnsku póststjórninni
— Noregs og Finnlands eru gerðir af norsku póststjórninni
— Noregs og Íslands eru gerðir af norsku póststjórninni
— Svíþjóðar og Finnlands eru gerðir af sænsku póststjórninni
— Svíþjóðar og Íslands eru gerðir af sænsku póststjórninni
— Svíþjóðar og Noregs eru gerðir af sænsku póststjórninni.

Aðalreikningar skulu gerðir ársfjórðungslega og sendir póststjórn hlutaðeigandi lands. Reikningsjöfnuðinn skal greiða án þess að beðið sé eftir endurskoðun reikningsins. Skekkjur leiðréttist í næsta aðalreikningi.

III. BRÉFAPÓSTSENDINGAR

14. gr.
Gjöld fyrir bréfapóstsendingar

1. Burðargjald fyrir bréf, allt að 500 grömm að þyngd, póstkort, prent, allt að 1000 grömm að þyngd, og smápakka allt að 500 grömm að þyngd, svo framarlega sem

smápakkar eru leyfðir í innanlandsþjónustu viðtökulandsins, er jafnt burðargjaldi viðtökulandsins fyrir innlendar sendingar, sömu tegundar og þyngdar. Fyrir bréf, sem vega meira en 500 grömm og eigi meira en 1000 grömm, gildir sérstakt Norðurlandaburðargjald, er sé mitt á milli tilsvarandi alþjóðaburðargjalds og innanlandsburðargjalds í viðtökulandinu.

2. Í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 1. lið, er burðargjaldið að öllu leyti eins og fyrir sams konar sendingar til landa utan Norðurlanda.

3. Ábyrgðargjaldið er jafnt gjaldi viðtökulandsins fyrir ábyrgð á bréfapóstsendingum innanlands.

4. Hraðboðagjaldið er jafnt gjaldi því, sem gildir innanlands í viðtökulandinu.

15. gr.
Loftbréf.

Loftbréf, sem búin eru til í einhverju aðildarlandanna og hafa áletrun um, að þau séu viðurkennd af póststjórninni, má nota til sendingar í öðru aðildarlandi, ef burðargjaldið er greitt samkvæmt ákvæðum viðtökulandsins.

16. gr.
Áframsending flugbréfapóstsendinga.

Flugbréfapóstsendingar, sem sendar eru frá einhverju aðildarlandanna og sendar áfram til nýs ákvörðunarlands, eru fluttar áfram flugleiðis án viðbótarfluggjalds. Þessi regla gildir þó því aðeins um flugbréfapóstsendingar án fluggjalds, að áframsendingarlandið framkvæmi flugflutning án innheimtu sérstaks fluggjalds og í þeim mæli, sem það er gert.

17. gr.
Sendingar, látnar í bréfakassa á skipum.

Bréfapóstsending, sem kemur í bréfakassa frá einhverju aðildarlandi, án þess að hafa fengið þar póstmeðferð, má vera frímerkt með frímerkjum sendi- eða móttökulands. Póstþjónusta móttökulandsins stimplar sendingarnar með sérstökum stimpli, sem tilgreinir viðtökulandið.

18. gr.
Ábyrgð.

1. Óháð þeim skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt almennum alþjóðaákvæðum fyrir glataðar ábyrgðarsendingar, á sendandi ábyrgðarsendingar, sem skemmzt hefur eða innihaldið að einhverju eða öllu leyti glatazt úr, meðan sendingin var í vörzlu póstþjónustunnar, rétt á skaðabótum, sem svara til skaðans eða tapsins, svo fremi þetta hafi ekki gerzt fyrir mistök eða vangá sendandans eða leiði af eðli sendingarinnar sjálfrar. Skaðabæturnar geta þó undir engum kringumstæðum orðið hærri en sú upphæð, sem komið hefði í hlut sendanda, ef sendingin hefði glatazt. Póststjórnirnar bera ekki ábyrgð á óbeinum skaða eða hagnaði, sem ekki er kominn fram.

2. Skaðabætur eru greiddar viðtakanda, þegar hann krefst, annaðhvort eftir að hafa gert fyrirvara við móttöku rændrar eða skemmdrar sendingar eða ef sendandi afsalar sér rétti sínum honum til handa.

3. Skaðabætur eru greiddar, jafnvel þótt tap eða skaði á sendingu hafi orðið vegna ofureflis (force majeure).

IV. VERÐBRÉF

19. gr.
Gjöld.

Fyrir verðbréf skal, auk burðargjalds samkvæmt 14. grein, greiða sama tryggingargjald og, ef svo ber undir, sama skrásetningargjald og gildir fyrir verðbréf innanlands.

V. BÖGGLAR

20. gr.
Gjöld fyrir böggla.

1. Burðargjöld fyrir böggla eru reiknuð út á grundvelli endastöðvagjalda þeirra og hugsanlegra umflutningsgjalda á landi og sjó, sem gilda í bögglaviðskiptum milli Norðurlandanna. Nú er burðargjaldið, reiknað út á þennan hátt, lægra en burðargjaldið fyrir innanlandsböggul og hefur viðtökulandið þá leyfi til að taka innanlandsgjald, en þó ekki hærra gjald en greiða bæri, ef hin almennu milliríkjagjöld hlutaðeigandi landa giltu.

2. Fyrir verðböggla skal, auk burðargjalds, greiða sama tryggingargjald og, ef svo ber undir, sama afgreiðslugjald og gildir fyrir verðböggla innanlands.

21. gr.
Land- og sjóflutningsgjöld.

1. Endastöðvagjöldin eru að jafnaði ákveðin lægri en endastöðvagjöld þau, sem gilda í hinum almennu milliríkjabögglaviðskiptum.

2. Umflutningsgjald fyrir böggla flutta landleiðis um eitt eða fleiri aðildarlönd er

a) fyrir böggla í lokuðum flutningi:
10 sentímur fyrir hvert kílógramm eða hluta úr kílógrammi, reiknað eftir heildarþunga bögglanna í afgreiðslunni, að pokaþyngdinni meðtalinni.

b) fyrir böggla í opnum umflutningi:

böggull allt að 1 kg	15 s
böggull yfir 1 kg allt að 3 kg	25 s
böggull yfir 3 kg allt að 5 kg	30 s
böggull yfir 5 kg allt að 10 kg	70 s
böggull yfir 10 kg allt að 15 kg	100 s
böggull yfir 15 kg allt að 20 kg	140 s

3. Fyrir böggla milli Danmerkur, Íslands eða Noregs annars vegar og Finnlands hins vegar, sem fluttir eru í lokuðum flutningi eftir sjópóstleiðinni Svíþjóð—Finnland, er sjóflutningsgjaldið á þeirri leið 9 sentímur fyrir hvert kílógramm eða hluta úr kílógrammi, reiknað eftir heildarþunga bögglanna í afgreiðslunni, að pokaþyngdinni meðtalinni.

4. Sjóflutningsgjald er ekki tekið fyrir böggla, sem fluttir eru eftir sjópóstleiðinni Svíþjóð—Danmörk.

5. Ákvæðin í 2. lið gilda einnig um böggla, sem sendir eru milli pósthúsa í einu aðildarlandi og fluttir um eitt eða fleiri hinna aðildarlandanna eða með sjópóstleiðum þessara landa.

22. gr.

Ábyrgð.

1. Fyrir almennan böggul eru greiddar skaðabætur, allt að 140 frönkum, án tillits til þyngdar böggulsins.

2. Skaðabætur greiðast einnig fyrir böggla, sem glatast eða skemmast vegna ofureflis (force majeure).

23. gr.

Reikningsskil fyrir land- og sjóflutning.

1. Reikningsskil fyrir land- og sjóflutning böggla í lokuðum flutningi í bögglaviðskiptum milli Norðurlandanna fara fram á grundvelli fastra meðalgjalda fyrir hvern böggul og fjölda skráðra böggla.

2. Sérhver póststjórn reiknar út og ákveður meðalgjöld þau, sem færa skal henni til tekna af hverju sendilandi um sig, þ. e.:

a) meðalendastöðvagjald fyrir sjó- eða landböggul
b) meðalendastöðvagjald fyrir flugböggul
c) meðalumflutningsgjald fyrir sjó- eða landböggul.

Gjald það, sem greinir í b-lið, felur einnig í sér, ef svo ber undir, gjald það, sem færa skal ákvörðunarlandinu til tekna fyrir flugflutning böggulsins innanlands.

3. Sendilandið tilkynnir hlutaðeigandi umflutningslöndum mánaðarlega um fjölda böggla í umflutningi.

4. Meðalgjöldin eru reiknuð út eftir tölfræðilegum upplýsingum um bögglaviðskiptin á tilteknu tímabili og gjöldum þeim, sem leggja skal til grundvallar reikningsskilum milli póststjórnanna á sama tímabili samkvæmt ákvæðum 21. greinar. Reglur um endurskoðun meðalgjaldanna skal setja með erindaskiptum.

5. Meðalumflutningsgjaldið skal vera hið sama fyrir alla böggla frá einu viðtökulandi til sama ákvörðunarlands, hvort sem böggullinn er fluttur land- eða sjóleiðis eða bæði land- og sjóleiðis.

6. Við útreikning meðalendastöðvagjalds skal taka til greina áfram- og endursenda böggla á þann hátt, að gjöld fyrir slíka böggla dragist frá heildarupphæðinni í útreikningnum, en fjöldi slíkra böggla teljist með í heildarfjöldanum.

7. Upphæð sú, sem út kemur við útreikning meðalgjalda, skal jöfnuð í næstu heilu sentínu.

8. Verði póststjórn viðtökulandsins vör við breyttar aðstæður, sem kynnu að hafa áhrif á upphæð meðalgjaldanna, skal það tilkynnt þeirri póststjórn, sem ákvað gjöldin.

9. Nú er Norðurlandaböggull, sem undantekning, sendur í opnum flutningi og skal þá færa umflutningslandinu til tekna land- og sjóflutningsgjöld samkvæmt 21. grein.

10. Nánari reglur um afgreiðslu böggla og fylgibréfa skal setja með erindaskiptum.

VI. PÓSTÁVÍSANIR

24. gr.
Gjöld.

Gjald fyrir póstávísanir er reiknað í sömu mynt og hin innborgaða upphæð í viðtökulandinu. Það er jafnt gjaldinu fyrir innlenda póstávísun.

25. gr.
Skipting gjalda.

Fyrir sérhverja gjaldskylda póstávísun greiðir viðtökulandið 20 sentímur til ákvörðunarlandsins.

VII. PÓSTGÍRÓ

26. gr.
Gildissvið viðskiptanna.

Póstgíróviðskipti ná, umfram færslur, til innborgana með innborgunarseðlum og útborgana með útborgunarseðlum.

27. gr.
Gjöld.

1. Gjald fyrir færslu er jafnt gjaldi því, sem viðtökulandið kann að taka fyrir færslu innanlands.
2. Gjald fyrir innborgunarseðil er jafnt gjaldinu fyrir innlendan innborgunarseðil í viðtökulandinu.
3. Gjald fyrir útborgunarseðil er jafnt gjaldinu fyrir innlendan útborgunarseðil í viðtökulandinu.
4. Gjald fyrir innborgun og útborgun fellur að öllu leyti í hlut þess lands, sem innheimt hefur gjaldið. Reikningsskil fyrir kostnaði geta þó farið fram samkvæmt tvíhliða samkomulagi.
5. Eignfærsla færðrar eða innborgaðrar upphæðar er gjaldfrjáls.

VIII. PÓSTKRÖFUR

28. gr.
Gjöld.

Eigi póstkröfuupphæðin að sendast með póstkröfuávísun til landsins, sem tók við sendingunni í póst, er póstkröfugjaldið jafnt póstkröfugjaldi því, sem gildir innanlands í viðtökulandi sendingarinnar.

29. gr.
Skipting gjalda.

Fyrir sérhverja póstkröfuávísun, sem hvílir á gjaldskyldri póstkröfusendingu, greiðir viðtökuland sendingarinnar 30 sentímur til ákvörðunarlandsins.

IX. BLÖÐ

30. gr.

Póstburðargjald.

Blað, sem gefið er út í einhverju aðildarlandanna og sent er í umbúðum, árituðum af útgefandanum, til viðtakanda í einhverju öðru þessara landa, er að jafnaði flutt í pósti fyrir sama póstburðargjald og gildir fyrir blað, sent á sams konar hátt í innanlandsþjónustu útgáfulandsins, að viðbættum umflutningsgjöldum, ef svo ber undir. Póststjórnirnar gefa hver annarri upplýsingar um sendiaðferðir og áletranir, sem nota ber í þessu tilviki.

X. LOKAÁKVÆÐI

31. gr.

Gildistaka samningsins og gildistími. Uppsögn.

Samningur þessi öðlast gildi 1. apríl 1972. Samtímis fellur úr gildi samningur um Norrænt póstsamband frá 15., 17., 24., 25. og 28. marz 1960.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma, en hver póststjórn um sig getur sagt honum upp og hættir hann þá að gilda einu ári eftir uppsögnina.

Gert í fimm eintökum — einu á dönsku, einu á finnsku og sænsku, einu á íslenzku, einu á norsku og einu á sænsku.

Helsinki, 23. marz 1972.

Fyrir Svíþjóð
Nils Hörjel.

Fyrir Danmörku
Gunnar Pedersen.

Fyrir Finnland
Oiva Saloila.

Fyrir Ísland
Jón Skúlason.

Fyrir Noreg
Ragnvald Rustung Bru.

LOKABÓKUN

Við undirskrift samningsins hafa póststjórnirnar komið sér saman um eftirfarandi:

Hraðflutningur er ekki leyfður í viðskiptum við Ísland.

Helsinki, 23. marz 1972.

Fyrir Svíþjóð
Nils Hörjel.

Fyrir Danmörku
Gunnar Pedersen.

Fyrir Finnland
Oiva Saloila.

Fyrir Ísland
Jón Skúlason.

Fyrir Noreg
Ragnvald Rustung Bru.

Nr. 18. 20. september 1972.

AUGLÝSING

um fiskveiðar Færeyinga við Ísland.

Hinn 19. september 1972 skrifaði utanríkisráðherra landsstjórn Færeyja bréf varðandi fiskveiðar Færeyinga við Ísland. Bréfið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. september 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

19. september 1972.

Þar sem enn standa yfir athuganir varðandi togveiðar færeyskra skipa innan hinna nýju fiskveiðimarka Íslands, hefur orðið að samkomulagi milli samninganefnda íslenzku ríkisstjórnarinnar og færeysku landsstjórnarinnar, að Íslendingar veiti áfram færeyskum togveiðiskipum (sbr. fylgiskjal) leyfi til veiða innan